

14. febrúar 2022

## MEIRIHLUTI IÐNFYRIRTÆKJA HEFUR SETT SÉR MARKMIÐ Í LOFTSLAGSMÁLUM


Meirihluti iðnfyrirtækja hefur sett sér markmið á sviði loftslagsmála. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja innan SI. Úr könnuninni má lesa að stjórnvöld geta stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum, m.a. með eflingu innviða, s.s. uppbyggingu raforkukerfa, meðhöndlun úrgangs og með skattalegu hagræði eða ívilnunum.

- Könnunin sýnir að 52% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að iðnfyrirtæki þeirra hafa sett sér markmið á sviði loftslagsmála. Stærri fyrirtæki hafa frekar sett sér slík markmið en þau sem minni eru. 70% iðnfyrirtækja með einn milljarð í veltu eða meira hafa sett sér markmið á sviði loftslagsmála. Þriðjungur þeirra sem eru með veltu undir einum milljarði hafa sett sér slík markmið.
- Þegar stjórnendur iðnfyrirtækja eru spurðir hvaðan helstu hvatar til að gera breytingar í fyrirtækjum þeirra á sviði loftslagsmála nefna þeir helst þrjú atriði. Það eru opinberar kröfur eða regluverk, ákvörðun yfirstjórnar og eftirspurn neytenda eða viðskiptavina eftir umhverfissvænni vörum, en þessir þættir eru nefndir álíka oft. Um 41% svarenda segja að opinberar kröfur eða regluverk séu einn af helstu hvötunum til breytinga innan fyrirtækisins á sviði loftslagsmála, 39% segja það vera ákvörðun yfirstjórnar og 37% þeirra sem taka þátt segja eftirspurn neytenda eða viðskiptavina eftir umhverfissvænni vörum.
- Þegar stjórnendur iðnfyrirtækja eru spurðir hvað í starfsumhverfi fyrirtækisins þeir telja að standi helst í vegi fyrir því að fyrirtækið nái árangri á sviði loftslagsmála nefna þeir helst þrjú atriði. Tæp 90% svarenda settu kostnað vegna umbreytinga í starfsemi í eitthvert af efstu 3 sætunum, 74% íþyngjandi regluverk og 72% framboð af tæknilausnum og hráefni. Í þessari spurningu eru þátttakendur beðnir um að raða svarmöguleikum í mikilvægisröð.
- Þegar stjórnendur iðnfyrirtækja eru spurðir hvaða aðgerðir fyrirtækið hafi farið í til að draga úr kolefnislosun sem á sér uppruna í starfsemi fyrirtækisins svara flestir eða ríflega 59% breyting í meðhöndlun úrgangs. Um 37% segja breyting á vinnuferlum og 31% breyting á vörum og þjónustu. Tæplega 27% segja orkuskipti í samgöngum starfsmanna á vinnutíma og 26% segja breytt orkunýtni.
- Þegar stjórnendur iðnfyrirtækja eru spurðir hvaða aðgerðir til að draga úr kolefnislosun þeir telja að skili mestu í þeirra fyrirtæki setja 68% breyting á vinnuferlum í eitthvert af 3 efstu sætunum, 64% orkuskipti í flutningum og 61% breyting á vörum og þjónustu. Í þessari spurningu eru þátttakendur beðnir um að raða svarmöguleikum í mikilvægisröð.
- Aðspurðir að því hvernig hið opinbera, ríki og sveitarfélög, geti stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum svara flestir eða 62% með eflingu innviða, s.s. uppbyggingu raforkukerfa og meðhöndlun úrgangs. Um helmingur segja með skattalegu hagræði eða ívilnunum eða með fjárhagslegum hvötum.
- Meira en helmingur eða 54% stjórnenda iðnfyrirtækja telja það mikilvægt fyrir ímynd þeirra fyrirtækja að fara í aðgerðir á sviði loftslagsmála. Ekki nema 24% telja það lítilvægt. Talsverður munur er á svörum eftir stærð fyrirtækja. Þannig telja 75% stjórnenda iðnfyrirtækja með veltu yfir einum milljarði mikilvægt fyrir ímynd þeirra fyrirtækja að fara í aðgerðir á sviði loftslagsmála en 41% þeirra sem eru með milljarð eða minna í veltu.

Könnunin var gerð á meðal stjórnenda aðildarfyrirtækja Samtaka iðnaðarins dagana 1.-7. febrúar síðastliðinn. Niðurstöðurnar byggja á svörum 127 stjórnenda.

## 1. Hefur fyrirtækið sett sér markmið á sviði loftslagsmála?


Hér má merkja við fleiri en eitt svar



Í könnuninni eru stjórnendur iðnfyrirtækja spurðir að því hvort fyrirtækið hafi sett sér markmið á sviði loftslagsmála. Um 52% svarenda segja að fyrirtækið hafi sett sér markmið á sviði loftslagsmála. Um 26% svarenda segja að þeirra fyrirtæki stefni á að verða kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. 9% merkja við að fyrirtækið stefni á að verða óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2050 og 18% svarenda eru með önnur markmið. Þá er vert að nefna að þátttakendur könnunarinnar gátu merkt við fleiri en eitt svar og því gæti verið að einhver fyrirtæki séu með önnur markmið auk þess að ætla sér að verða kolefnishlutlaust fyrir 2040.

## 1. Hefur fyrirtækið sett sér markmið á sviði loftslagsmála?


Hér má merkja við fleiri en eitt svar



Könnunin sýnir að stærri iðnfyrirtæki hafa frekar sett sér markmið í loftslagsmálum en þau sem minni eru. Stjórnendur 79% iðnfyrirtækja með einn milljarð í veltu eða meira á segja að fyrirtækið hafi sett sér markmið á sviði loftslagsmála á meðan þriðjungur þeirra sem voru með veltu undir einum milljarði á síðasta ári hafa sett sér slík markmið. Tæplega helmingur stjórnenda iðnfyrirtækjanna sem voru með einn milljarð eða meira í veltu á síðasta ári segja að það stefni á að verða kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. Um 13% stefna á að verða óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2050 og 30% merkja við að fyrirtækið sé með önnur slík markmið. Í hópi stjórnenda iðnfyrirtækja sem eru með undir milljarð í veltu segjast tæp 18% að fyrirtækið stefni á að verða kolefnishlutlaust fyrir árið 2040 og 7,5% að fyrirtækið stefni á að verða óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2050. Um 14% segjast hafa sett sér önnur markmið.


## 2. Hvaðan koma helstu hvatar til að gera breytingar í þínu fyrirtæki á sviði loftslagsmála?

Merktu við allt sem við á



Þegar stjórnendur iðnfyrirtækja eru spurðir hvaðan helstu hvatar til að gera breytingar í fyrirtækjum þeirra á sviði loftslagsmála nefna þeir helst þrjú atriði á listanum. Það eru opinberar kröfur eða regluverk, ákvörðun yfirstjórnar og eftirspurn neytenda eða viðskiptavina eftir umhverfissvænni vörum. Hér gátu þátttakendur könnunarinnar merkt við fleiri en eitt atriði. Um 41% svarenda segja að „Opinberar kröfur eða regluverk“ séu einn af helstu hvötunum til breytinga innan fyrirtækisins á sviði loftslagsmála. Um 39% segja að það væri ákvörðun yfirstjórnar og 37% þátttakenda segja það vera eftirspurn neytenda eða viðskiptavina eftir umhverfissvænni vörum. Þá segja um 23% svarenda að þátttaka í loftslagsverkefnum sé einn af helstu hvötunum til að gera breytingar í fyrirtækinu á sviði loftslagsmála og 22% segja það vera ábendingar frá starfsfólki.

## 3. Hvað af eftirtöldu í starfsumhverfi fyrirtækisins telur þú að standi helst í vegi fyrir því að fyrirtækið nái árangri á sviði loftslagsmála? Raðaðu í mikilvægisröð (1-7)



Stjórnendur eru spurðir að því hvaða þættir í starfsumhverfi fyrirtækisins þeir telja að standi helst í vegi fyrir því að fyrirtækið nái árangri á sviði loftslagsmála. Hér eru svarendur beðnir um að raða í mikilvægisröð, frá 1 og upp í 7, þar sem 1 er það atriði sem stendur helst í vegi fyrirtækisins og 7 minnst. Á myndinni eru birt hlutföll svara á þeim atriðum sem raðað var í efstu 3 sætin. Sem dæmi segja um 90% svarenda að kostnaður vegna umbreytinga í starfsemi sé einn af þeim þremur þáttum sem standa helst í vegi fyrir því að fyrirtækið nái árangri á sviði loftslagsmála. Þar á eftir kom íþyngjandi regluverk en hlutfall þeirra sem


settu það í eitt af efstu 3 sætunum nam 74%. Þá telja svarendur framboð á tæknilausnum og hráefni einnig vera eitt af þeim atriðum sem stendur helst í vegi fyrirtækisins við að ná árangri í loftslagsmálum en um 72% settu þann svarmöguleika í eitthvað af efstu 3 sætunum.

#### 4. Hvaða aðgerðir hefur fyrirtækið farið í til að draga úr kolefnislosun sem á sér uppruna í starfsemi fyrirtækisins? *Merktu við allt sem við á*




Þegar stjórnendur iðnfyrirtækjanna eru spurðir um þær aðgerðir sem fyrirtækið hefur nú þegar farið í til að draga úr kolefnislosun sem á sér uppruna í starfsemi fyrirtækisins kemur í ljós að um 60% nefna breytingu á meðhöndlun úrgangs. Þar á eftir kemur breyting í vinnuferlum en um 37% segja að það sé ein af þeim aðgerðum sem þeirra fyrirtæki hefur nú þegar ráðist í. Þá eru á bilinu 20-30% svarenda sem nefna að fyrirtækið hefði nú þegar farið út í breytingu á vörum eða þjónustu, orkuskipti í samgöngum starfsmanna á vinnutíma, breytta orkunýtni eða bindingu kolefnis.

#### 5. Hverjar af eftirtöldum aðgerðum til að draga úr kolefnislosun telur þú að skili mestu í þínu fyrirtæki? *Raðaðu í mikilvægisröð*




Í könnuninni eru stjórnendur iðnfyrirtækja spurðir hvaða aðgerðir til að draga úr kolefnislosun þeir telja skila mestu í þeirra fyrirtæki. Segja 68% breyting á vinnuferlum, tæplega 64% orkuskipti í flutningum og ríflega 61% nefna breytingu á vörum eða þjónustu. Tæplega 38% nefna breytingu á meðhöndlun úrgangs, 29% breytta orkunýtni og 21% bindingu kolefnis. Um 19% segja orkuskipti í samgöngum starfsmanna á vinnutíma.

## 6. Hversu mikil áhrif hafa aðgerðir á sviði loftslagsmála í þínu fyrirtæki haft á fjárfestingaráætlanir fyrirtækisins?




Þegar stjórnendur iðnfyrirtækjanna eru spurðir um hversu mikil áhrif hafa aðgerðir á sviði loftslagsmála í þeirra fyrirtæki haft á fjárfestingaráætlanir fyrirtækisins segja 24% mikil og um 40% lítil. Mjög mikill munur er á svörum eftir stærð fyrirtækjanna. Þannig svara 45% stjórnenda iðnfyrirtækja með yfir milljarð króna í veltu í fyrra að þessar aðgerðir hefðu haft mikil áhrif á fjárfestingaráætlanir fyrirtækisins en 26% lítil. Aðeins 11% þeirra sem eru með milljarð króna eða minna í veltu segja að aðgerðir á sviði loftslagsmála hefðu haft mikil áhrif á fjárfestingaráætlanir þeirra en um 49% þeirra segja að þau hefðu verið lítil.

## 7. Hversu mikil áhrif hafa aðgerðir á sviði loftslagsmála í þínu fyrirtæki haft á eftirspurn eftir vörum eða þjónustu þíns fyrirtækis?



Í könnuninni eru stjórnendur iðnfyrirtækjanna spurðir hversu mikil áhrif aðgerðir á sviði loftslagsmála í þeirra fyrirtæki hefðu haft á eftirspurn eftir vörum eða þjónustu þeirra fyrirtækis. Segir meirihlutinn eða ríflega 55% að eftirspurnin hefði hvorki aukist né dregist saman. Hins vegar segja ríflega 8% að eftirspurnin hefði aukist og ríflega 3% að hún hefði dregist saman. Nokkur munur er á svörum eftir stærð fyrirtækjanna. Þannig svara tæplega 30% stjórnenda iðnfyrirtækja með yfir milljarð króna í veltu í fyrra að þessar aðgerðir hefðu haft mikil áhrif á eftirspurn eftir vörum eða þjónustu fyrirtækisins en ríflega 11% stjórnenda þeirra fyrirtækja sem voru með milljarð króna eða minna í veltu í fyrra.

### 8. Hversu mikilvægt er fyrir ímynd þíns fyrirtækis að fara í aðgerðir á sviði loftslagsmála?



Meira en helmingur eða um 54% stjórnenda iðnfyrirtækja telja það mikilvægt fyrir ímynd þeirra fyrirtækja að fara í aðgerðir á sviði loftslagsmálum. Ekki nema 24% telja það lítilvægt. Talsverður munur er á svörum eftir stærð fyrirtækja. Þannig telja tæplega 75% stjórnenda iðnfyrirtækja með veltu yfir einum milljarði í fyrra mikilvægt fyrir ímynd þeirra fyrirtækja að fara í aðgerðir á sviði loftslagsmála en ríflega 41% þeirra sem eru með milljarð eða minna í veltu í fyrra.

### 9. Hvernig getur hið opinbera, ríki og sveitarfélög, stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum? Merktu við allt sem þér finnst eiga við

